

Saint-Pol-Roux

Ave Massilia

A Edmond Rostand

Règne de sa majesté la fleur ! arène de la cigale et de l'abeille parmi le trin de fifre avec le tambourin ! mosaïque de l'ail, de l'olive, de la fève, de la figue, de raisin, de la cerise, de la nèfle de l'avélane, de l'amande, de la chichourle, de l'azerole, de la sorbe, de l'oignon, de la pomme d'amour, de l'aubergine, du poivron, du concombre, de la pastèque, du melon, du caroube, de la pistache, du piment, de la datte, de la banane ! fanfare de la sardine vive, de la brousse du Rove et de la betterave de la Gardane ! triomphe de la favouille, de l'oursin, de la clovisse, de la moule, de la marluce à la matrace, de la brandade et la bouillabaisse ou se hèrisse la rascasse ! apothéose du nougat, du muscadin, du berlingot, des santons, de la pompe et des chichis de la Noël, de Pâques et de la Saint-Michel ! Foire du Pistachié, du Bohémien, du Maire, du Ravi, du Roi Maure et de l'Ange de la Crèche ancienne ! Marseille au collier d'agachons ! Marseille à la tayole de cabanons, eldorado de brunes filles aux hanches de féerie et de sveltes garçons au gosier d'opéra ! fière cité coiffée de tuiles comme d'un rouge bonnet de Phrygie ! ville aux balcons et terraces de balicot où tout rit, tout caligne, tout chante, tout claque, tout craque, tout danse, tout blague ! Marseille, splendide caresse entre une mer de lilas et des collines de farigoule que garde grandiose une Vierge d'or dressée dans une atmosphère de safran, ô Marseille, salut !

Salut rivage où s'échoua la Magdeleine de folie qu'aima Celui par qui cette vilaine devint une jolie en Paradis ! Salut môle légendaire où la Beauté de Phidias s'en vint, à travers la farandole des flots et les fines guirlandes des brises, poser sa merveille ! ô Marseille païenne ! ô Marseille chrétienne ! joute de Vénus et Puget ! galéjade de Mireille et de Monticelli ! Marseille, reine de l'harmonie, de l'amour, de la pitié : palme, laurier, fenouil, olivier. Marseille, fille de l'Orient, Marseille, amante de l'Espagne ! Marseille, maîtresse de l'Italie ! Marseille, sœur du monde entier ! Marseille, ô Marseille dont mon enfance a téte le soleil et sablé le mistral, je t'aime, ô ma mère, ô ma patrie, je t'aime et, malgré ma haine des marchands que recèle ton temple, Marseille, poète a son retour d'exil, je baise ton front d'aurore, tes yeux de cassie, ta bouche de grenade, tes seins d'orange et ton corps d'ambre, tes bras et tes cuisses de marbre, tes pieds de saphir, et je baise encore ton cœur de pourpre et ton âme de diamant, comme je baiserais l'arc-en-ciel de Dieu même, – ô Marseille, salut !

Saint-Pol-Roux

Ave Massilia

Til Edmonds Rostands

Konungdæmi hennar hótignar blómjurtarinnar! Leikvangur söngtifunnar og býflugunnar í félagi við hljóðípu og langtrumbu! Mósáíksamfella af hvítlauk, ólívum, hestabaunum, fílkjum, vínþrúgum, kirsüberjum, avelínhnetum, lótusaldinum, eplaþyrniberjum, lauk, reyniberjum, tómötum, eggaldini, paprikum, agúrkum, jóhannesarbrauði, melónum, pistasíuhnetum, möndlum, eldpipar, banönum, döðlum! Skrúðganga hinnar kviku sardínu, mjúkostsins frá Rove-geitunum og rauðrófunnar úr Gardanne! Sigurhátíð grænkrabbans, klovissuskeljanna, ígulkersins og kræklingsins, þorsksins à la matrasso, saltfiskstöppunnar og bújabesunnar þar sem skerjakarfinn ýfir broddana! Hyllingarsamkoma núggatstangarinnar, múskadíntöflunnar, brjóstsykurmolans, santonstytnanna, appelsínublómabrahúsins og sísi-kleinunnar á jólunum, á páskunum, á Mikjálsmessu! Jólamarikaður Pistasíusantonsins, Oddvitans, Sígaunans, Hins glaða, Márákóngsins og engilsins við Jötuna fornu! Marseille með hálsfesti úr veiðibyrgjum! Marseille með kofalinda um mittið, draumaland af brúnhærðum stúlkum með mjaðmir úr ævintýrunum og spengilegum piltum með óperubarka! Stolta borg með frýgverska húfu úr rauðum tígulsteinum! Verönd á verönd ofan og sífelldar basilvaxnar svalir þar sem allt hlær, allt daðrar, allt syngur, allt smellur, allt brakar, allt dansar, allt spaugar! Marseille, ljómandi faðmlag sýrenubreiðunnar og blóðbergshæðanna sem gætir gullmærin sveipuð andblæ af saffrani, teinrétt og tignarleg, ó Marseille, heill þér!

Heill þér, sjávarströnd þar sem rak bátinn Maríu vitfirrtu Magdalenu sem elskaði Hann, þeirrar óþekku sem Hans vegna varð sú sæta í Paradís! Heill þér, fornfræga höfn þar sem hinn feidíASFAGRI lagði töfraskipi sínu eftir keðjudans flóðs og fjöru, búnu blómsveigum vindanna! Ó Marseille hin heiðna! Ó Marseille hin kristna! Einvígi Pugets og Venusar! Skröksaga Mireille og

Monticellis! Marseille, drottning samhljómsins, ástarinnar, samúðarinnar: pálmi, lárviður, fenníkelrunni, ólivutré. Marseille, dóttir Austurlanda, unnusta Spánar! Marseille, ástmær Ítalíu! Marseille, systir allrar veraldarinnar! Marseille, ó Marseille, þar sem æska mín saug sólina og teygaði mistralvindinn, ég ann þér, ó móðir, ó föðurhús, ég ann þér, og þrátt fyrir kaupahéðnana sem leynast í musteri þínu kyssi ég morgunbjart ennið, skáld komið úr útlegð, kyssi sólberjaugun, granatmunninn, appelsínubrjóstun og líkamann úr rafi, handleggi þína og lærin úr marmara, og safírfæturna, og ég kyssi líka hjartað úr purpura og demantsanda þinn á sama hátt og ég mundi kyssa sjálfan regnboga guðs almáttugs – ó Marseille, heill þér.

Mörður Árnason þýddi

Eftirmáli þýðanda

Paul-Pierre Roux sem tók sér skáldnafnið Saint-Pol-Roux fæddist 1861 í Saint-Henri, einu af útþorpum Marseille-borgar í norðvestur, telst til symbólista, samdi ljóð, leikrit, óperutexta, nú kunnastur sem undanfari og fyrirmynnd súrelistanna. Saint-Pol-Roux varð fljótt viðskila við fæðingarborg sína, lærði í Lyon, fór til Parísar, dvaldist í Belgíu og settist loks að í Bretóniu þar sem hann dó haustið 1940 eftir níðingsverk þýsks hermanns. – Prósaljóðið *Ave Massilia* er ort í stuttri ferð á heimaskóðum árið 1899 og kom út í ljóðabók árið 1904 (*De la colombe au corbeau par le paon*).

Massilia er hið upphaflega heiti byggðarinnar í Marseille sem Grikkir hófu um það bil sex oldum fyrir Kristsburð, og er þaðan stofnsaga sem vitnað er til í kvæðinu um brúðkaup unga grískra skipstjórans og gallverskrar konungsdóttur. Sá ber með sér fegurð Feidíasar, þótt Feidías hæfi höggmyndanám í Aþenu allnokkru síðar en Gamlahöfn varð grískur kaupstaður. María Magdalena kemur við sögu borgarinnar þegar kristni berst til Próvens, og mun hafa sest þar að með Lasarusi sem var vakinn frá dauðum og fleiri fylgismönnum Krists. Enn síðar reis kirkjan á Garde-hæð og efst á turninum frá miðri 19. öld mikil gullstytta af Notre-Dame með barnið í fanginu, sem sést um borg og haf. Santonar eru litlar málaðar leirstyttur sem flykkjast að jötu Jesúbarnsins í fjárhúsini fyrir jólin, englar, vitringar úr Asturvegi, skepnur og fjölbreytilegt þorpsfólk með ýmis nöfn og hlutverk. Um próvensölsku stúlkuna Mireille (Mirèio) orti Frédéric Mistral (Nóbelsverðlaun 1904) þekktan ljóðaflokk á próvensölsku, en Monticelli er einna kunnastur listmálara síðari alda af þessum slóðum (d. 1886). Puget lagsbróðir Venusar er aftur barokklistamaður frá 17. öld, Marseillais og einn helsti arkitekt franskur á veldistínum sólkonungsins. Eftir hann er meðal annars

Vieille Charité-kirkjan og þurfamannahælið í Panier, elsta borgarhverfinu. Rauða Frýgíuhúfan er frelsistákn úr stjórnarbyltingunni miklu. Þorskur og saltfiskur gætu verið ættaðir af Halamiðum en à la matrasso er hann kominn á suðrænan steikartein. Flóð og fjara dansa hina próvensölsku farandólu, langtrumban og hljóðpípan eru líka hljóðfæri úr héraði, skrök- eða ýkjusagan (galéjade) víðkunn marseisk frásagnarlist og lífsháttur, og til að bera kennsl á dýr, plöntur, matarrétti og önnur borgarfyrirbæri í kvæðinu voru oksítanskar handbækur oft gagnlegri en frakkneskar. – Edmont Rostand (1868–1918) var rithöfundur og menningarmaður í Marseille.

Franski frumtextinn er hér tekinn úr bókinni *L'Estaque au temps des peintures 1870–1914*, Marseille 1983, bls. 43, með örfáum greinarmerkja- og stafsetningarbreytingum eftir samanburð við ljóðtextann í *Marseille. Revue culturelle* 1968 og 1998.

Þýðingin varð til í Marseille í október þegar þýðandinn var fylgdarmaður eiginkonu sinnar í lista- og fræðimannshúsnæði Hafnar í Saint-Antoine, næsta útþorpi austan og ofan við Saint-Henri. Hann þakkar Dominique Poulain, umsjónarmanni Hafnar, fyrir mikilvæga aðstoð við verkið.